

## Frumvarp til laga

### um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar).

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

#### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019.

##### 1. gr.

Í stað orðanna „skv. 12. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003“ í 5. mgr. 5. gr. og 9. mgr. 17. gr. koma orðin: skv. 44. gr.

##### 2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

#### *Yfirstjórn og verkefni Byggðastofnunar*

Ráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Verkefni Byggðastofnunar á sviði póstmála eru:

1. Að annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Stofnunin skal framfylgja lögnum og stuðla að því að markmið þeirra náist.

2. Að stuðla að samkeppni á sviði pósthjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum pósthjónustu.

3. Að taka þátt í þróun markaðar fyrir pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að:

- vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á aðstöðu og hjónustu sem tengist pósthjónustu,
- stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun póstrekenda sem búa við sömu aðstæður,

c. eiga samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir í EES og Eftirlitsstofnun EFTA í þeim tilgangi að koma á samræmdum eftirlitsháttum og samræmdri túlkun löggjafar,

d. stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins með markvissri innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða.

4. Að gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:

a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu,

b. stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við póstrekendur,

c. vinna að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs,

d. stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæi gjaldskráa og

skilmála fyrir notkun almennrar pósthjónustu,

e. tryggja hag notenda, þ.m.t. einstakra þjóðfélagshópa, svo sem öryrkja, sem best að því er varðar val, verð og gæði,

5. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði póstmála. Skal stofnunin beina tilmælum um breytingar á lögum og reglugerðum til ráðherra ef þess gerist þörf.

6. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

7. Annað sem lýtur að framkvæmd póstmála.

Byggðastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póstmál og samkeppnislaga. Skulu reglur þessar birtar.

Forstjóra Byggðastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.

### 3. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Eftirlit**, með tveimur nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (4. gr. a)

#### *Eftirlit með póstrekendum.*

Byggðastofnun hefur eftirlit með starfsemi póstrekenda, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

b. (4. gr. b)

#### *Eftirlitsúrræði Byggðastofnunar og viðurlög.*

Byggðastofnun getur krafist þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um pósthjónustu um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum laga um pósthjónustu sem ekki snúa að póstrekendum er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Byggðastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

Byggðastofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattfyrirvöldum og töllyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Sem hluta af eftirliti er Byggðastofnun heimilt að krefjast þess að henni séu m.a. látnir í té ársreikningar, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Byggðastofnun getur með sömu skilyrðum og í 3. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Telji Byggðastofnun að fjárhagsstaða póstrekkanda sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum, rekstrarleyfum eða skilgreindum alþjónustukvöðum, getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Byggðastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað póstrekkanda sem úthlutað hefur verið réttindum og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum, lögum um pósthjónustu eða reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Vanræki póstrekkandi skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem Byggðastofnun gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin afskráð hann af lista yfir póstrekkendur tilkynnt póstrekkanda að hann njóti ekki lengur almennrar heimildar, að undangenginni skriflegri viðvörun.

Byggðastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur póstrekkanda sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Er heimilt að leggja á dagsektir í þessu skyni, sbr. 12. gr.

Byggðastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þ.e. upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun á málum sem Byggðastofnun vinnur að samkvæmt lögum þessum, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Byggðastofnunar.

#### 4. gr.

Í stað 3. mgr. 32. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji neytendur pósthjónustu, eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, að póstrekkandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi eða skilgreindum alþjónustukvöðum getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Byggðastofnun um að hún láti málið til sín taka.

Byggðastofnun skal leita álits viðkomandi póstrekkanda á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan hátt. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með ákvörðun.

Byggðastofnun er heimilt að setja reglur um lausn slíkra ágreiningsmála.

#### 5. gr.

Á eftir 38. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 39. gr. – 44. gr. ásamt fyrisögnum, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

a. (39. gr.)

##### *Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og þagnarskylda*

Byggðastofnun skal veita Eftirlitsstofnun EFTA almennar upplýsingar sem skylt er að veita með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo sem varðandi alþjónustu og kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má Byggðastofnun veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni upplýsingar um póstmál sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmaeltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Byggðastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

Þagnarskylda skal ekki vera því til fyrirstöðu að Byggðastofnun gefi fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA sem fjalla um póstmál allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Byggðastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum um póstmál við sambærilegar stofnanir innan Evrópska efnahagssvæðisins og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

Byggðastofnun er heimilt að birta tölfraðilegar upplýsingar um magn pósts og skulu póstrekendur láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.

b. (40. gr.)

*Lausn deilumála milli póstrekenda*

Komi upp deilur milli póstrekenda um skyldur sem leiðir af lögum getur deiluaðili beint málinu til Byggðastofnunar. Byggðastofnun skal leita sátta með aðilum. Náist ekki samkomulag skal skorið úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra mánaða nema sérstaklega standi á.

Ákvörðun Byggðastofnunar skal birta opinberlega með fyrirvara um kröfu um viðskiptaleynd.

Byggðastofnun getur í ákveðnum tilfellum gripið inn í deilur aðila að eigin frumkvæði til þess að ná markmiðum laga um pósthjónustu eða laga um Byggðastofnun

Byggðastofnun er heimilt að setja reglur um málsmeðferð samkvæmt þessari grein.

c. (41. gr)

*Heimild til bráðabirgðaákvörðunar.*

Telji Byggðastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum, sem varða kvartanir neytenda, sbr. 32. gr., eða deilur á milli póstrekenda, sbr. 40. gr., án tafar, enda sé hætt á því að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.

Byggðastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 32. gr. eða 40. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.

d. (42. gr.)

*Kæruheimild*

Ákvarðanir Byggðastofnunar um pósthjónustu sem teknar eru samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Um meðferð kæru vegna ákvarðana

Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 13. gr. laga um Fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

e. (43. gr.)

*Gjaldtaka o.fl.*

Fyrir tilnefningu alþjónustuveitanda fyrir pósthjónustu greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Póstrekendur skulu árlega greiða Byggðastofnun rekstrargjald sem nemur 0,4% af árlegri veltu til stofnunarinnar. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af pósthjónustu sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári sem þær verða til.

Póstrekendur skulu skila Byggðastofnun upplýsingum um gjaldskylda veltu eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Berist Byggðastofnun ekki upplýsingar innan tilskilins tíma er stofnuninni heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila.

Álagning rekstrargjalds skv. 4. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert. Byggðastofnun gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Rekstrargjald greiðist með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. desember og eindagi 15. desember. Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.

Vanræki póstrekkandi greiðslu rekstrargjalds er Byggðastofnun heimilt að fella niður starfsheimild viðkomandi fyrirtækis.

Byggðastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrir álagningar ekki réttar.

Byggðastofnun getur gert póstrekkanda að greiða samkvæmt reikningi útlagðan kostnað, svo sem vegna sérfræðivinnu, við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og rekja má sérstakan kostnaðarauka til atvika er varða fyrirtækið.

Ráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Byggðastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir skráningu fyrirtækja og útgáfu leyfisbréfa og skírteina. Auk þess er Byggðastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds sem af því leiðir.

Byggðastofnun annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Tekjur af gjöldunum renna í ríkissjóð, að undanskildum tekjum skv. 7. og 8. mgr. sem renna til Byggðastofnunar.

Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til reksturs Byggðastofnunar sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af gjöldum samkvæmt þessari grein.

f. (44. gr.)

*Dagsektir og innheimta.*

Þegar póstrekkandi fer ekki að ákvæðum laga þessara, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Byggðastofnunar eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.**

6. gr.

- a. Í stað orðanna „fjarskipta- og póstmála“ í mismunandi beygingarfalli, 1. gr., 6. tl. 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 8. gr., kemur, í viðeigandi tölu og beygingarfalli: fjarskiptamála.
- b. Í stað orðanna „fjarskipta- og pósthjónustu“ eða „póst- og fjarskiptaþjónustu“ í mismunandi beygingarfalli í 2. tl. 1. mgr. 3. gr., a-lið 2. tl. 1. mgr. 3. gr., 3. tl. 1. mgr., 3. gr., a-lið 3. tl. 3. gr., d-lið 4. tölul. 1. mgr. 3. gr., 1. másl. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli; fjarskiptaþjónustu.
- c. Orðin „og póstrekkenda“, „eða póstrekkandi“, „eða hjá póstrekkanda“ og „eða milli póstrekkenda“, í mismunandi beygingarfalli og tölu, í c-lið 3. tl. 1. mgr. 3. gr., b-lið 4. tl. 1. mgr. 3. gr., í fyrirsögn 4. gr., 4. gr., 2. másl. 1. mgr. 5. gr., 6. mgr. 5. gr., 7. mgr. 5. gr., í 8. mgr. 5. gr., 9. mgr. 5. gr., 3. mgr. 8. gr., fyrirsögn 9. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. másl. 12. gr., 5. mgr. 14. gr., 9. mgr. 14. gr., 11. mgr. 14. gr. og 15. gr., falla brott.
- d. Orðin „pósthjónustu“, „laga um pósthjónustu“, „og pósthjónustu“, „eða lögum um pósthjónustu“, „og pósts“ og „og laga um pósthjónustu“ í 1. tl., 1. mgr. 3. gr., 5. tl. 1. mgr. 3. gr., 7. tl. 1. mgr. 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr., 7. mgr. 5. gr., 1. mgr. 9. gr., 4. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. másl. 12. gr., falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.

- a. Orðin „eða afskráð hann af lista yfir póstrekkendur“ í 8. mgr. falla brott.
- b. Orðin „eða póstrekkanda að hann“ í 8. mgr. falla brott.

8. gr.

Á eftir orðunum „fjarskipta- og pósthjónustu eða“ í 5. mgr. 13. gr. laganna kemur: Fjarskiptastofnun og Byggðastofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. 1. mgr. fellur brott.

b. Orðin „og sömuleiðis skulu póstrekendur greiða 0,4% af árlegri veltu“ í 4. mgr. falla brott.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999.

##### 10. gr.

Við 2. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu, nr. 98/2019, og hefur eftirlit með pósthjónustu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni.

##### 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „um starfsemi Byggðastofnunar og“ í 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ársreikningum Byggðastofnunar skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

##### 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna.

a. Við 1. mgr. 14. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Þjónustugjöld skv. 2. mgr. og 3. mgr.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Byggðastofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Umsýslu og skjalagerð tengda lánastarfsemi stofnunarinnar

2. Umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar skv. 10. gr. a laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

3. Vinnu við verkefni á sviði Byggðaáætlunar og alþjóðlegra verkefna sem stofnunni er falið að sinna.

Stjórn Byggðastofnunar setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Upphæð gjalda tekur mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og má ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

##### 13. gr.

16. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

##### 14. gr.

Lögin öðlast þegar gildi þann x.x. 2021.

Greinargerð.

## 1. Inngangur

Tilgangur og markmið þessa frumvarps, sem samið er í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun og Byggðastofnun, er að mæla fyrir um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að færa stjórnsýslu og eftirlit með pósthjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar.

Gildandi lög um Póst- og fjarskiptastofnun hafa tekið miklum breytingum frá setningu þeirra og það sama á við um aðra lagabálka á málefnasviðum póst- og fjarskipta. Vinna er hafin við að yfirfara lagaumhverfi stofnunarinnar með það að markmiði að uppfæra, einfalda og skýra lög og reglur þannig að stofnunin geti mætt væntingum samfélagsins og þörfum í heimi fjarskipta- og upplýsingatækni. Jafnframt er horf til þeirra markmiða að tengja betur við stefnu stjórnvalda og móta stofnun sem mætir þörfum og kröfum samtímans og sé í stakk búin til að leiða þróun samfélagsins á sínu málefnasviði inn í 3ja ártug 21. aldarinnar þar sem 4. iðnbyltingin, gervigreind og uppbygging innviða í fjarskiptum verða í forgrunni. Í þessu skyni stendur til að líta vítt yfir sviðið og fara ítarlega yfir gömul og ný verkefni stofnunarinnar, skörun við tengd svið og skoða tækifæri til úrbóta.

Umrædd yfirferð á lagaumhverfi stofnunarinnar hefur leitt af sér samþykkt Alþingis á nýjum lögum um pósthjónustu árið 2019, framlagning frumvarps um ný lög um fjarskipti og þá er unnið að frumvarpi að nýjum heildarlögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem lögð verða fram vorþingi. Frumvarp þetta er hluti af þessari vinnu en gera má ráð fyrir að það verði lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra heildarlaga um Póst- og fjarskiptastofnun. Þess ber þó að geta að frumvarpið er á þessu stigi byggt upp með þeim hætti að það geti staðið sjálfstætt, þ.e. óháð fyrirhuguðum breytingum á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.

Stofnaður hefur verið verkefnahópur með fulltrúum frá Póst- og fjarskiptastofnun og Byggðastofnun sem mun vinna að því að flutningur verkefnisins verði vandaðar og að þess verði gætt að sú þekking og reynsla sem er innan Póst- og fjarskiptastofnunar í málaflokknum muni áfram nýtast Byggðastofnun á meðan tilfærslunni stendur.

## 2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Með nýjum lögum um pósthjónustu, sem tóku gildi 1. janúar 2020, var einkaréttur ríkisins á póstmarkaði afnumin auk þess sem lögin höfðu það meginmarkmið að tryggja alþjónustu í pósti um allt land. Við þinglega meðferð málsins var lögð til sú breyting á frumvarpi laganna, að lagt var til ákvæði sem kveður á um með skýrum hætti að gjaldskrár fyrir alþjónustu pósts ber að vera sú sama um allt þannig að notendur verði ekki mismunad vegna búsetu og eru byggðasjónarmið því orðin veigameiri þáttur í verkefnum stofnunarinnar tengdum póstmálum.

Ljóst er að almennum bréfasendingum hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarps sem varð að lögum um pósthjónustu á líkleg áframhaldandi fækkun bréfa sér eðlilegar og að flestu leyti „jákvæðar“ orsakir. Þannig hefur breytt samskiptatækni og samskiptamáti fært upplýsingagjöf í auknum mæli af prentmiðlum yfir á stafræna miðla. Tölvupóstur, upplýsingagáttir á netinu, samfélagsmiðlar o.fl. hafa fyrir löngu leyst af hólmi hefðbundin prentuð bréf. Auk þess hafa bætt fjarskipti og samgöngur á undanförunum árum dregið úr mikilvægi pósthjónustu hér á landi, sér í lagi hvað varðar dreifingu á hefðbundnum bréfum, svo sem útsendingu á reikningum, launaseðlum og öðru slíku. Með tilkomu stafrænna samskiptalausna gegnir pósthjónusta ekki sama hlutverki og áður.



Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar á sviði póstmála hefur þ.a.l. minnkað en samkvæmt verkgreiningu stofnunarinnar er þörf á a.m.k. tveimur stöðugildum til að sinna verkefninu eins og því er lýst í lögum, auk yfirstjórnunar- og sameiginlegs kostnaðar. Eigi að síður gegnir pósthjónusta enn mikilvægu hlutverki, ekki síst fyrir atvinnulíf, og er í lykilhlutverki í vefverslun. Er það því mat ráðuneytisins að til framtíðar litið, sé það hlutverk ríkisins að tryggja að allir landsmenn njóti alþjónustu póstsins sem lýst er í lögum pósthjónustu. Tækifæri eru þó fyrir hendi um að einfalda hlutverk ríkisins í þessum málum, en mikilvægt er að gæta að byggðasjónarmiðum og jafnræði landsmanna við slíka einföldum.

Meginhlutverk Byggðastofnunar skv. 2. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Innan stofnunarinnar starfar sérstakt þróunarsvið sem ber að fylgjast með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum og gera eða láta gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Hafa rannsóknir þróunarsviðsins vakið athygli fyrir vandaða og mikilvæga vinnu og innan stofnunarinnar er að finna öflugt og sérhæft starfsfólk á sviði byggðamál og rannsókna.

Mæla því ýmis rök með því að Byggðastofnun taki að sér verkefni póstmála á þessu stigi svo að stofnunin geti unnið áfram með ráðuneytinu næstu misserin við að samhæfa enn betur byggðasjónarmið og póstmál, innan þess svigrúms sem evrópulöggjöf á þessu sviði veitir, auk þess að tryggja að áfram verður tryggð hagkvæm, skilvirk og áreiðanleg pósthjónusta um land allt og til og frá landinu og að jafnræði landsmanna til að njóta alþjónustu verði tryggt.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Meginmarkmið þessa frumvarps er, eins og áður segir að leggja til breytingar á lögum sem eingöngu fela í sér að verkefni póstmála flytjist frá Póst- og fjarskiptastofnun yfir til Byggðastofnunar. Þá er það einnig markmið frumvarpsins að gæta þess að hlutverk Byggðastofnunar verði það sama og hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir tilfærsluna og að Byggðastofnun hafi allar sömu heimildir og skyldur sem lagðar voru á Póst- og fjarskiptastofnun. Til að ná þessum markmiðum var valin sú leið að leggja til breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um pósthjónustu sem eingöngu fela sér tilfærslu á verkefnum póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun yfir til Byggðastofnunar. Er frumvarp þetta því byggt upp með eftirfarandi hætti.

1. Lagðar eru til breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem fela í sér að fella úr gildi verkefni stofnunarinnar á sviði póstmála. Lög um Póst- og fjarskiptastofnun eru að meginefni byggð upp með þeim hætti að allar skyldur og heimildir stofnunarinnar sem kveðið er á um í lögunum, taka annað hvort eingöngu til fjarskiptamála eða til fjarskiptamála og póstmála. Ekki er að finna ákvæði sem tekur eingöngu til póstmála og er því ekki þörf á að fella brott einstök ákvæði laganna. Í frumvarpinu er því eingöngu lagt til að fella brott tilvísanir til póstmála eða póstrekinda.

2. Lagt er til að þau ákvæði sem kveða á um verkefni og skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun verði færð í lög um pósthjónustu, en ekki í lög um Byggðastofnun, eins og hefði getað komið til greina. Er sú leið er í samræmi við lagaframkvæmd annarra ríkisstofnana sem sinna verkefnum á fleiri en einu sviði, svo sem Þjóðskrá Íslands.

Þau ákvæði sem koma ný í lög um pósthjónustu eru eftirfarandi:

*Hlutverk Byggðastofnunar á sviði póstmála*

Í 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er hlutverki stofnunarinnar lýst á sviði fjarskipta og póstmála. Ákvæðið kemur nú inn sem ný 3. gr. laga um pósthjónustu, að því leyti sem það tekur til pósthjónustu og er því lagt er upp með að engar breytingar verði á hlutverki Byggðastofnunar frá hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ákvæðinu kemur fram að hlutverk Byggðastofnunar sé m.a. að hafa eftirlit með pósthjónustu, stuðla að samkeppni á sviði pósthjónustu og koma í vef fyrir óréttmæta viðskiptahætti, taka þátt í þróun markaðar fyrir pósthjónustu og upplýsingatækni, gæta þess að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu og stuðla að vernd neytenda, vera ráðgefandi fyrir önnur stjórnvöld á sviði pósthjónustu og taka þátt í alþjóðasamstarfi f.h. Íslands á sviði póstmála.

#### Eftirlitsákvæði

Fjallað er um eftirlitsskyldur og heimildir Póst og fjarskiptastofnunar með pósthjónustu í 4. gr. og 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Í frumvarpinu er lagt til að komi nýr kafli í lögum um pósthjónustu, í kafli a þar sem framangreind ákvæði laga um póst- og fjarskiptastofnun eru tekin orðrétt upp í lög um pósthjónustu, með þeirri undantekningu að ákvæðin taka ekki til fjarskiptamála eðli málsins samkvæmt.

#### Meðferð kvartana frá neytendum

Í 3. mgr. 32. gr. laga laga um pósthjónustu kemur fram að notendur eða aðrir sem eiga hagsmuni að gæta geti beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar. Síðan segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti látið málið til sín taka á grundvelli laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Ljóst er að 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun skarast á við umrætt ákvæði en þar kemur fram að neytendur fjarskipta- eða pósthjónustu, eða aðrir sem hafa hagsmuni að gæta, geta beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í 2. mgr. og 3. mgr. ákvæðisins er síðan kveðið á um að stofnunin ber að freista þess að jafna ágreinings aðila og skera úr með ákvörðun ef ekki náist samkomulag, auk þess sem stofnuninni er veitt heimild til að setja reglur um lausn slíkra ágreiningsmála. Í ljósi framangreindar skörunar á 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun og 32. gr. laga um pósthjónustu, er ekki lagt til að fyrrnefnda ákvæðið verði lögfest óbreytt í lögum um pósthjónustu heldur eingöngu að 2. mgr. og 3. mgr. ákvæðisins verði bætt við ákvæði 32. gr. laga um pósthjónustu.

#### Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og þagnarskylda

Í 7. gr. og 8. gr. laga um um Póst- og fjarskiptastofnun er fjallað um þær reglur sem gilda um samskipti Póst- og fjarskiptastofnunar við önnur eftirlitsstjórnvöld sem og reglur um þagnarskyldu stofnunarinnar. Ef ákvæðin er skoðuð er ljóst að sum þeirra eiga eingöngu við fjarskiptamál auk þess sem ákvæðin skarast á við hið almenna þagnarskylduákvæði Byggðastofnunar sem kemur fram í 18. gr. laga um Byggðastofnun. Lagt er því til að þær reglur 7. gr. og 8. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnunar sem eiga við um póstmál, verði sameinuð og verði að einu ákvæði í lögum um pósthjónustu að undanskyldri reglu sem kemur fram í 7. mgr. 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar kemur fram að Póst- og

fjarskipastofnun hafi heimild til að krefjast upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra, en lagt er til að sú regla komi fram í eftirlitsákvæði laganna.

Deilur á milli póstrekenda og bráðabirgðarákvörðun Byggðastofnunar

Í 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er fjallað um deilur fyrirtækja á sviði fjarskipta og póstrekenda og segir að hægt sé að beina ágreiningi aðila til stofnunarinnar, auk þess sem kveðið er á um frekari málsmeðferðarreglur slíkra mála í ákvæðinu. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðið verði lögfest orðrétt í lög um pósthjónustu að því leyti að það taki einungis til deilna póstrekenda. Í 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er fjallað um heimild stofnunarinnar til að taka bráðabirgðarákvörðun í einstökum málum. Ljóst er að ákvæðinu er ætlað að taka bæði til mála sem varðar kvartanir neytenda og mála er varðar deilur póstrekendur, enda kemur það í beinu framhaldi af ákvæðum þar sem fjallað er um slík tilvik. Er því lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að skýrt sé að það taki til beggja tilvika, þ.e. mál er varða deilur póstrekenda og mál er varða kvartanir neytenda.

Kæruheimild

Í 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er lögð stoð undir starfsemi úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála. Í frumvarpinu er lagt til að slík stoð haldi sér, en kveðið verði á um að í lögum um pósthjónustu að heimilt sé að kæra ákvarðanir er varða póstmál til nefndarinnar og að sömu málsmeðferðarreglur eigi við um slíkar kætur og eiga við um kætur vegna fjarskiptamála.

Önnur ákvæði

Í 12. gr. laga um póst- og fjarskiptastofnun er kveðið á um heimild fyrir stofnunina að leggja á dagsektir á póstrekendur vegna tiltekinnar vanrækslu og í 14. gr. laganna er að finna heimild stofnunarinnar til að leggja á ákveðin gjöld. Lagt er til að ákveðin verði lögfest óbreytt í lög um pósthjónustu að því leyti sem þau taka til póstmála. Þá ber einnig að geta þess að í 15. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er fjallað um skyldu stofnunarinnar að birta árlega skýrslu um starfsemi sína, þ.á.m. lista yfir póstrekendur. Ekki var talin ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði í lög um pósthjónustu.

3. Í frumvarpinu er einnig að lagðar til breytingar á lögum um Byggðastofnun vegna tilfærslunnar og er gert ráð fyrir því að tekið verði fram í 2. gr. laganna að hlutverk Byggðastofnunar sé að annast framkvæmd laga um pósthjónustu. Þá er einnig lagt til að gerðar verði tímþættar lagfæringar á lögum um Byggðastofnun er snúa að heimildum stofnunarinnar til að innheimta tiltekin hjónustugjöld, skýrslugjöf stofnunarinnar og fjárvörslu.

**4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Í lögum um pósthjónustu eru efnisákvæði pósttilskipunar [2008/6/EB](#), sbr. tilskipun 97/67/EB, tilskipun 2008/6/EB tekin upp í íslenskan rétt. Einnig er gert ráð fyrir lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2018/644, um pakkasendingar yfir landamæri, í 38. gr. Reglugerðin kemur til viðbótar reglum sem Evrópusambandið hefur sett um pósthjónustu, þ.e. tilskipun 97/67/EC (fyrsta pósttilskipunin), 2004/4/EC (önnur pósttilskipunin) og tilskipun 2008/6 (þriðja pósttilskipunin). Reglugerðinni er einkum ætlað að ýta undir traust neytenda á því að eiga viðskipti á netinu milli landa með aukinni söfnun og

miðlun upplýsinga um pakkasendingaþjónustu. Þess er gætts að frumvarpið sé í samræmi við framangreindar þjóðarréttarlegar skuldbindingar Íslands.

Frumvarpið þótti ekki kalla á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá.

## 5. Samráð.

Frumvarpið er unnið í samvinnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Póst- og fjarskiptastofnunar og Byggðastofnunar. Áform um heildarendurskoðun Póst- og fjarskiptastofnunar hafa verið birt öllum ráðuneytum í innra samráði Stjórnarráðsins og verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda dags. 21. október til 2. nóvember.

## 6. Mat á áhrifum.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið muni hafa áhrif á ríkissjóð enda er hér eingöngu um tilfærslu verkefna að ræða. Þá er ekki gert ráð fyrir áhrifum á póstrekendur eða neytendur póstmála í tengslum við eftirlit ríkisins með póstmálum eða gjaldtöku.

Samkvæmt verkgreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar er áætlað að verkefnið krefjist fulls vinnuframlags a.m.k. tveggja starfsmanna, auk utanumhalds, stjórnunarkostnað o.fl. Fyrir liggur að þau gjöld sem innheimta skal vegna verkefna póstmála ber að renna í ríkissjóð á grundvelli laga um opinber fjármál og ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til Byggðastofnunar sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af slíkum gjöldum. Er því gert ráð fyrir að áætlaðar tekjur sem koma til vegna ofangreindra gjalda muni hér eftir renna til Byggðastofnunar í stað Póst- og fjarskiptastofnunar.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um þá breytingu að Byggðastofnun tekur við því hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar sem stofnuninni er ætlað skv. lögum um pósthjónustu í samræmi við markmið frumvarpsins.

Um 2. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun að því leyti sem ákvæðið tekur til póstmála. Vísað er til skýringa við umrætt ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.

Um 3. gr.

Lagt er til að ákvæði 4. gr. og 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem fjalla um eftirlitskyldur og heimildir stofnunarinnar komi óbreytt inn í lög um pósthjónustu sem nýr kafli. Að öðru leyti er vísað til skýringa við umrædd ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum um Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um 4. gr.

10. gr. laga og Póst- og fjarskiptastofnun og 32. gr. laga um pósthjónustu fjalla um kvartanir neytenda pósthjónustu, eða aðrar sem hafa sem hafa hagsmuni að gæta að

póstrekendur framfylgi skyldum sínum. Í ljósi þess að ákvæðin skarast á, er lagt til að 2. og 3. mgr. 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun verði skeytt við 32. gr. laga um póstþjónustu. Að öðru leyti vísast til skýringa á umræddum ákvæðum í frumvörpum viðeigandi laga.

#### Um 5. gr.

Hér er lagt til að tiltekin ákvæði laga um Póst- og fjarskiptastofnun verði bætt við VIII. kafla laga um póstþjónustu sem ber kaflaheitið „Millirikjasamningar, viðurlög o.fl.“ Um er að ræða ákvæði sem varða samskipti við eftirlitsstjórnvöld og þagnarskyldur, deilur milli póstrekkenda, heimildir Byggðastofnunar til að taka ákvarðanir í málum er varða kvartanir neytenda og deilna á milli póstrekkenda, kærueimildir, ákvæði um gjaldtökuheimildir Byggðastofnunar og ákvæði um dagsektarheimildir. Gert er ráð fyrir að engar efnislegar breytingar verði á umræddum heimildum frá gildandi rétt og eru ákvæðin að mestu leyti orðrétt og sambærileg ákvæði í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun með eftirfarandi undantekningum.

Í 7. gr. og 8. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er fjallað um samskipti stofnunarinnar við eftirlitsstjórnvöld Evrópska efnahagssvæðisins og um almenna þagnarskylduheimildir stofnunarinnar. Í ljósi þess að í lögum um Byggðastofnun er almenn þagnarskylduheimili í 18. gr. laganna, og þær sérreglur í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem fjalla um undaþágur frá þagnarskyldu varða fyrst og fremst samskipti við önnur eftirlitsstjórnvöld, var talið rétt að sameina ákvæðin að undanskilinni reglu sem kveðið er á um í 7. mgr. 8. gr. laganna. Þar kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum. Réttara þótt að slík regla væri að finna í ákvæði sem fjallar um eftirlitsheimildir Byggðastofnunar sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er einnig fjallað um kærurétt vegna póstmála. Í 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun er mælt fyrir þær reglur sem gilda skuli um úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptarmála og ekki þykir ástæða til að tvítaka þá lagastoð. Er því einungis mælt fyrir um að ákvarðanir skv. lögum um póstþjónustu geti verið kærðar til Póst- og fjarskiptastofnunar, en að þær málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun skuli gilda um slíka kærur. Er hér m.a. átt við kærufrestinn sem er 4 vikur frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar, að úrskurður nefndarinnar skuli að jafnaði liggja fyrir innan 12 vikna frá því að kæra berst, aðila ber að höfða mál fyrir dómstólum innan sex mánuða frá því hann fékk vitneskju um úrskurð nefndar og að Byggðastofnun geti í undantekningartilvikum, að fengnu samþykki ráðherra, borið úrskurð nefndarinnar undir dómstóla. Að málshöfðun fresti ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar á sviði póstmála, að aðili getið borið ákvörðun Byggðastofnunar undir dómstóla innan þriggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar og að málshöfuð fresti ekki réttaráhrifum ákvarðana eða að slíkt málskot til dómstóla hindri að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru er varðar póstmál til málsmeðferðar. Þá er einnig gert ráð fyrir að gjaldtökuheimild nefndarinnar sbr. 5. mgr. ákvæðisins taki einnig til póstmála.

Að öðru leyti vísast til skýringa í frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun vegna umræddra ákvæða.

#### Um 6. – 9. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að allar tilvísanir í verkefni á sviði póstmála verði fjarlægðar úr lögum um Póst- og fjarskiptastofn. Hafa löggin verið yfirfarin með það að markmiði og munu tilvísanir á borð við póstmál, póstrekkandi og póstpjónasta sem er að finna víðsvegar í umræddum lögum falla á brott eða að orðalagið fjarskiptamál eða fjarskiptaþjónusta komi í stað þeirra. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki skýringar.

Um 11. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að kveðið verði skýrt á um að hlutverk Byggðastofnunar sé að annast framkvæmd laga um póstpjónustu nr. 98/2019 eins og því er lýst nánar í 3. gr. nefndra laga.

Um 12. gr.

Í núverandi 13. gr. laga um Byggðastofnun er gert ráð fyrir því að ráðherra gefi Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar. Starfsemi stofnunarinnar er orðin mun umfangsmeiri en við gildistöku laganna og hefur þessi skýrslugjöf ráðherra yfirleitt takmarkast við framvindu byggðaáætlunar og þau verkefni sem stofnunin sinnir þar um.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gjald sem Byggðastofnun er heimilt að taka vegna verkefna sem leiða af lögnum. Lagt er til að ráðherra setji, að fengnum tillögum frá Byggðastofnun, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og skal upphæð gjalds taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Þá skal upphæðin taka mið af rekstraráætlun þar sem þau atriði sem gjaldið byggir á eru rökstudd og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Þá er kveðið á um að gjaldskrá skuli birta í B-deild Stjórnartíðinda og heimilt sé að innheimta gjöld með fjárnámi.

Um 14. gr.

Í 16. gr. laganna er mælt fyrir um fjárvörslu og hvernig Byggðastofnun skal ávaxta handbært fé sitt. Slík lagafyrirmæli eru fljót að úreldast og framboð leiða til ávöxtunar handbærs fjár er töluvert meira nú en fyrir 20 árum. Fyrirmæli greinarinnar eins og þau eru fram sett geta valdið því að stofnunin væri ekki að ávaxta handbært fé sitt á besta mögulega hátt og er því lagt til að hún falli brott í heild sinni.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.